

## Tassal velur sjávarútvegshugbúnað frá Wise

Tassal í Tasmaníu innleiddi nýjar útgáfur Dynamics NAV og WiseFish ásamt tengingum við vogir og handtölvur, framleiðslu-kerfi, samninga, birgðir og sölukerfi nú í haust. Þrátt fyrir miklar vegalengdir hefur innleiðingin gengið vel. Starfsmenn Wise voru talsvert á faraldsfæti þegar þeir unnu við uppfærslu og innleiðingu hugbúnaðarins á nokkrum vikum en Tassal hefur notað WiseFish frá árinu 2008.

Tassal hóf starfsemi 1984, hefur um 800 manns í vinnu og hefur verið skráð á ASX (Australian Stock Exchange) síðan 2003. Tassal er stærsti framleiðandi á laxi í Ástralíu.

### Mikil viðurkenning fyrir Wise

„Það er mikil viðurkenning fyrir Wise að Tassal hafi valið WiseFish og okkar lausnir þrátt fyrir langar vegalengdir og tímamun.

Vefur, spjaldtölvur, simar og Power BI greiningartól eru nú hluti af stöðluðu kerfi.

Við höfum endurskrifað WiseFish frá grunni, nýtum okkur nýjar útgáfur af Dynamics NAV frá Microsoft og þá getum við boðið nýja virkni sem byggir jafnframt á grunnkerfi Microsoft,“ segir Jón Heiðar Pálsson, sölustjóri Wise lausna.

### WiseFish fæst nú í skýinu

„Að geta boðið WiseFish og Dynamics NAV lausnina í Skýinu, á Microsoft Azure, gerir okkur kleift að bjóða jafnt stórum sem minni fyrirtækjum aðgang að lausninni með lágum stofn- og þekktum rekstrarkostnaði sem byggir á fjölda notenda.

Þá sparast í vélbúnaði og rekstri tölvukerfa auk þess að bæta rekstraröryggi.“

Wise hefur undanfarið unnið að uppfærslum fyrir fyrirtæki eins og Iceland Seafood, Þorbjörn, Skinney-Þinganes, Bacco, Spes, Jakob Valgeir,



Gunnvöru og fleiri sjávarútvegsfyrirtæki auk fjölda annarra bæði innanlands og utan.

### Hentuð áskriftarleið - NAV og WiseFish í mánaðarlegri áskrift

Nú getur þú leigt bókhaldskerfið þitt og stillt af hversu marga notendur þú þarft hverju sinni. Auk þess sem þú:

- Hefur ekki lengur þörf á að keyra eigin miðlægan tölvubúnað.
- Tryggir rekstraröryggi, betri uppítíma og öryggi gagna.
- Hefur sveigjanleika í fjölda notenda.
- Færð hýsingu og vöktun allan sólarhringinn.
- Hefur aðgang að sérfræðingum Wise og Microsoft.

Með nýrri tækni er hægt að nálgast gögnin í tölvunni, símanum og spjaldtölvunni, því með hýsingu í skýinu er bókhaldið alltaf aðgengilegt, hvar sem er og hvenær sem er.

Wise er stærsti söluaðili á bókhaldskerfinu Microsoft Dynamics NAV á Íslandi og hefur sérhæft sig í lausnum á sviði fjármála, verslunar, sveitarfélaga, sjávarútvegs, viðskiptagreindar og útflutnings.

Wise leggur sérstaka áherslu á ráðgjöf, hugbúnaðargerð og innleiðingu

**Wise** er stærsti söluaðili á bókhaldskerfinu Microsoft Dynamics NAV á Íslandi og hefur sérhæft sig í lausnum á sviði fjármála, verslunar, sveitarfélaga, viðskiptagreindar og útflutnings.

hugbúnaðar ásamt öflugri og persónulegri þjónustu.

Wise hefur verið útnefnt í Microsoft Dynamics President's Club 2016, í fjórða sinn í sögu fyrirtækisins. Viðurkenningin endurspeglar velgengni Wise og vöxt fyrirtækisins undanfarin ár. Í Microsoft Dynamics President's Club eru allra bestu samstarfsaðilar Microsoft Dynamics á heimsvísu eða topp 5%. Aðildin er veitt fyrir stöðuga viðleitni til að mæta þörfum viðskiptavina með lausnum og þjónustu sem hentar þeim.

Lausnir Wise eru í notkun hjá mörgum af stærri fyrirtækjum landsins. Wise hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir starfsemi sína eins og „Samstarfsaðili ársins 2015“ hjá Microsoft á Íslandi, Fyrirmyndarfyrirtæki VR og Framúrskarandi fyrirtæki Credit-info um nokkurra ára skeið.

WISE LAUSNIR EHF.  
BORGARTÚNI 26  
105 REYKJAVÍK  
OG HAFNARSTRÆTI 93-95  
600 AKUREYRI  
WWW.WISE.IS

